

**Minnisblað: Upplýsingar um stöðu læsisstefnu Sveitarfélagsins**

Móttakandi: Fræðslu- og tómstundanefnd  
Varðandi: Sveitarfélagið Hornafjörður  
Unnið: Ragnhildur Jónsdóttir  
Dags.: 20. júní 2018  
Málefni: Upplýsingar um stöðu máls

---

Samkvæmt þjóðarsáttmála um læsi ber sveitarfélögum að setja sér markvissa læsisstefnu. Grunnskóli Hornafjarðar hefur birt drög að sinni stefnu á heimasíðu skólans <http://gs.hornafjordur.is/media/annad/laesisstefna-gh-drog-mai-2018.pdf>, og Leikskólinn Sjónarhóll hefur hafið vinnu við sína stefnu. Leik- og grunnskólinn í Hofgarði mun líta til læsisstefna þeirra skóla og aðlaga að sínum áherslum og aðstæðum.

Skólaskrifstofa kallaði saman fulltrúa frá leik- og grunnskólum á Höfn þar sem farið var yfir stöðuna leitað eftir framlagi þeirra til að semja eina heildarlæsisstefnu fyrir sveitarfélagið með aðkomu fulltrúa frá leik- og grunnskólanum í Hofgarði.

Skólaskrifstofa fékk kr. 500.000- í styrk frá Sprotasjóði til vinnslu verkefnisins og samkvæmt samningi við sjóðinn verður Læsisstefna sveitarfélagsins unnin og kláruð á næsta skólaári.